

# FUNDARGERÐ



## Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar

### 145. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 8. maí kl. 13:00

#### *Dagskrá:*

1. Fundarsetning:
2. Ársreikningur Pingeyjarsveitar 2013 – seinni umræða:
3. Fundargerð Fræðslunefndar frá 05.05. 2014:
4. Ljósvefningabúð - erindi:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Árni Pétur Hilmarsson og Ásta Svavarsdóttir auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

#### **1. Fundarsetning:**

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 5. lið; Fjárstyrkur til framboða og undir 6. lið; Kynning á mögulegri ljósleiðaravæðingu. Aðrir liðir færast neðar á dagskrá sem því nemur.

#### **2. Ársreikningur Pingeyjarsveitar 2013 – fyrri umræða:**

Ársreikningur sveitarfélagsins 2013 lagður fram til síðari umræðu ásamt endurskoðunarskýrslu KPMG.

*Ársreikningur Pingeyjarsveitar 2013 samþykktur samhljóða og undirritaður. Ársreikningurinn verður aðgengilegur á heimasíðu sveitarfélagsins.*

**3. Fundargerð Fræðslunefndar frá 05.05.2014:**

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 5. maí s.l. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í 5 liðum.

*Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.*

**4. Ljósvefningabúð – erindi:**

Lagt fram erindi dags. 30. apríl s.l. frá Gunnhildi Ingólfssdóttur og Árna Njálssyni þar sem þau lýsa áhuga sínum á að kaupa Ljósvefningabúð þegar eignarhaldið á eigninni liggur fyrir.

*Viðræðum sveitarfélagsins við Ungmennafélagið Gaman og alvöru um eignarhaldið á Ljósvefningabúð er ekki lokið og því ótímabært að taka afstöðu til erindisins. Sveitarstjórn leggur áherslu á að viðræðum um eignarhaldið ljúki sem fyrst.*

**5. Fjárstyrkur til framboða:**

Fjárstyrkur til framboða vegna sveitarstjórnakosninga 2014 tekinn til umræðu.

*Samþykkt að fjárstyrkur verði 70.000 til hvers þess framboðs í Þingeyjarsveit sem kjörstjórn samþykkir.*

**6. Kynning á mögulegri ljósleiðaravæðingu:**

Til fundarins mætti Gunnar Björn Þórhallsson frá fyrirtækinu Tengir hf. til að kynna möguleika á ljósleiðaravæðingu sveitarfélagsins og frumathugun á því verkefni.

*Sveitarstjórn þakkar Gunnari fyrir kynninguna. Sveitarstjórn samþykkir að láta gera frumathugun á ljósleiðaravæðingu í sveitarfélaginu og samþykkir allt að 300 þús.kr. sem viðauka við fjárhagsáætlun 2014 vegna verkefnisins.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:40

Ólína Arnkelsdóttir

Arnór Benónýsson

Margrét Bjarnadóttir

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Friðrika Sigurgeirsdóttir

Árni Pétur Hilmarsson

Ásta Svavarsdóttir